

- 3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir endurofnun veitunnar kr. 1 880,00.
- 3.4 Ef launafli nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl- og orkugjald um 15%.
- 3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliða tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.
- 3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárlíðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1987, hvort heldur er vegna breytinga á grunnkaupi, kaupgjaldsvisitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldaliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að $\frac{4}{5}$ af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum lið er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.
- 3.7 Sölugjald 25% er innfalið í rafmagnsgjöldum, sem um ræðir í 1. kafla gjaldskrár þessarar nema á húshitunartöxtum og viðhaldsgjaldi á taxta A1. Sölugjald innheimtist ekki af sölu á rafmagni til varmadælna, enda verði notkunin sérmæld.
- 3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. júlí 1988, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 204, 27. apríl 1988.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júní 1988.

F. h. r.

Guðrún Skúladóttir.

Baldur Pétursson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 590/1987 um bifreiðagjald.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftirtaldar bifreiðar skulu undanþegnar bifreiðagjaldi samkvæmt reglugerð þessari:

- a. Bifreiðar í eigu þeirra, sem njóta örorkustyrks, örorkubóta eða styrks vegna örorku barna frá Tryggingastofnun ríkisins. Ef sá sem á rétt á niðurfellingu bifreiðagjalds skv. þessum staflíð, á fleiri en eina bifreið skal bifreiðagjald felld niður af þeirri bifreið sem er þyngst.
- b. Bifreiðar í eigu björgunarsveita.
- c. Bifreiðar sem eru eldri en 25 ára í upphafi gjaldárs talið frá og með árgerðarári þeirra.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald öðlast þegar gildi og kemur í fyrsta sinn til framkvæmda við álagningu og innheimtu bifreiðagjalds vegna gjaldtímabilsins 1. júlí 1988 til 31. desember 1988.

Fjármálaráðuneytið, 14. júní 1988.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Indriði H. Þorláksson.